

2
10. jan. Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari aðgjörða, að því viðbættu, að stjórnarráðið væntir þess að þjer á sinum tíma sendið hingað bankavaxtabrjefin, til þess að ofangreint afhendingarbann geti orðið ritað á þau.

3
30. jan.

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík.

Samkvæmt lögum 13. septbr. 1901, um heilbrigðissamþykktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum, staðfestist hjermeð eptirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík, sem samþykkt hefir verið af bæjarstjórninni í nefndum kaupstað.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefir fullt gildi á kaupstaðarlóðinni, einsog hún er eða verður.

Á byggðum svæðum í lögsagnarumdæmi bæjarins utan kaupstaðarlóðarinnar skal ákvæðum samþykktarinnar beitt að svo miklu leyti, sem við verður komið og heilbrigðisnefnd telur þörf á.

2. gr.

Bæjarfógetinn er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni hjeraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sinum flokki til 3 ára.

Bæjarstjórnin skipar heilbrigðisfulltrúa og setur honum erindisbrjef; skal launa hann úr bæjarsjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd heilbrigðismála samkvæmt ákvæðum heilbrigðisnefndar. Skylt er honum að sækja heilbrigðisnefndarfundi.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Nefndin skal hafa fundarbók og rita í hana allar gjörðir sínar.

Formaður skal annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er ræð- **3**
 ir um í þessari samþykkt, eða mikla þýðing hefir fyrir heilbrigði manna, hvort **30. jan.**
 heldur á almannaferi eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða eða láta skoða allar húseignir á því svæði, er samþykktin nær yfir.

Heilbrigðisnefndin skal færa eða láta færa í eina bók allt það, sem að-
 finnsluvert er samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er
 í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarumbót eða heil-
 brigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún
 leggja mál það fyrir bæjarstjórn og fara fram á að fje sje veitt. Þó getur nefndin
 látið gera bráðnauðsynlegar þrífnaðarbætur án fengins samþykkis bæjarstjórnar,
 ef brýna nauðsyn ber til að þær sjeu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg
 farsótt allt í einu kemur upp í bænum. Skal þá svo fljótt sem verða má leggja
 slík útgjöld undir samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum full-
 vedja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi; skal húsráðandi gegna öllum
 skyldum eptir samþykkt þessari með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvila
 á eiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sje húsráðandi.

II. Um almennt hreinlæti og þrífnað.

7. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á hreinsun torga, gatna og óbyggðra lóða.

8. gr.

Á götur, stræti og svæði, er almenningur fer um, má enginn fleygja frá
 sjer hræjum, rusli, skolpi eða öðrum óhreinindum. Eigi má heldur fleygja í tjörn-
 ina eða lækinn eða í ræsi neinu af því, sem talið er í þessari grein, nema skolpi.
 Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna, nje
 skilja þar eptir neitt það, er valdið getur óhreinlæti eða óheilnæmi.

Hey, þang, mó, mold eða annað þess konar, sem slædist eða hrynur niður
 við flutning um götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skal sá, er flutn-
 ingnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. Annars eiga kláfar, eða önnur
 ílát, sem áburður er fluttur í, að vera svo þjett og eigi fyllri en svo, að ekki
 hrynji úr þeim, meðan á flutningnum stendur.

9. gr.

3 30. jan. Á húshliðar, eða gaffla, eða girðingar, sem vita að götum, strætum eða torgum, má eigi hengja, negla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng, nje annað, sem óprifnaður er að eða óþefur, og eigi má heldur hafa fiskitrönur við almannaþæri.

10. gr.

Á tún, sem liggja að almanna þæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem óþef leggur af.

11. gr.

Skýlt er að halda hreinum portum og annari óbyggðri lóð í kringum hús, og er það á ábyrgð húseigenda, að þess sje gætt.

Enginn húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns. Gjöri hann það, skal hann vera skyldur til að flytja óhreinindin tafarlaust burt aptur á sinn kostnað.

Þar sem svo stendur á, að skolpi verður eigi veitt frá húsi nema yfir lóð annars manns, skal húseigandi veita því í steinlímdu lokuðu ræsi yfir lóðina, og annast um hreinsun þess ræsis einn saman, að svo miklu leyti sem hann eigi notar það í sameiningu við lóðareigandann. Verði hlutaðeigendur ekki ásáttir um rennulagninguna, sker bæjarstjórnin úr málinu með ráði byggingarnefndar, og samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 21. gr. um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 1. ágúst 1902, sbr. opið brjef 29. maí 1839.

Húseigandi skal annast um hreinsun á ræsum, er ganga frá húsinu úti göturæsi, og sjá um að þau stiflist ekki.

12. gr.

Götur bæjarins og ræsi skal hreinsa á bæjarins kostnað svo opt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

III. Um frá-ræslu.

13. gr.

Þar sem eldhússkolpi og þvottaskolpi verður ekki veitt í göturæsi, má þó ekki láta það síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undan húsunum saurgist; skal veita öllu skolpi burt frá húsunum í opnum eða lokuðum ræsum svo langt, sem ástæður leyfa og heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skolpræsi, hvort heldur eru á almannaþæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi flói útúr þeim, og hvergi komi pollar eða vilpur; skal hreinsa þau svo opt (sbr. 11. gr. og 12. gr.), að ekki leggi ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gerður í nokkurt ræsi, þá er henni heimilt að heimta slíka aðgerð.

14. gr.

Ef ræsi er gert frammeð götu á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga á lóðum frammeð götunni þeim megin, sem ræsið er, skyldir að gera skolpræsi hver frá sínu húsi úti göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakari að gerð en göturæsið.

3

30. jan.

IV. Um vatnsból.

15. gr.

Þá er bæjarstjórnin vill gera nýtt vatnsból eða breyta gömlu vatnsbóli, skal hún jafnan leita álits heilbrigðisnefndar.

16. gr.

Öll opinber vatnsból skal verja hvers konar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skolpræsnum, fornum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta nærri þeim neins konar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo nærri þeim hvorki fatnað nje fisk, eða neitt það annað, er óhollustu geti valdið.

17. gr.

Brunn má eigi hafa nær haugum, safngryfjum eða salernum en svo, að millibilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gera brunn á eign sinni eða breyta gömlum brunni, og skal hann, ef vatnið er ætlað til neyzlu, tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er greptri eða borun er lokið, hvort það er nýtilegt, og hafa gát á því, að brunnurinn sje gerður á þann hátt, sem hjer segir.

Ef brunnur er boraður og járnþípa sett niður, skal gæta þess, að öll samskeytin á þípunni sjeu vatnsþjett.

Ef brunnur er grafinn, þá skal hlaða hann upp aðinnan úr höggnu grjóti eða harðbrenndum múrsteini og líma stein við stein með steinlími, og skal hleðslan þannig gerð svo langt aðneðan, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa steinsteypu. Niðurmeð hleðslunni aðutan skal láta einhverskonar límkenndan leir, og skal það lag vera ein alin á þykkt. Hleðslan skal ná $\frac{1}{4}$ al. eða meira uppúr jörðu, og útfrá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga, og skal hann vera $1\frac{1}{2}$ alin að breidd að minnsta kosti, og halla útfrá brunnopinunni. Yfir brunnopinunni skal vera vatnsheldur hlemmur, og skal taka vatnið úr brunnum með dælu, er gangi gegnum hlemminn.

18. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt, og ekki er unnt að bæta úr því, skal bannað að hafa vatn úr þeim brunni til neyzlu; sje því banni eigi hlýtt, skal eigandi skyldur að moka ofani

3 brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð. Akvæði þess-
30. jan. arar greinar ná til allra brunna.

V. Um peningshús og áburðargryfjur.

19. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð handa mönnum. Þar sem þetta á sjer stað nú, getur heilbrigðisnefnd þó veitt undanþágu.

20. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gera áburðargryfju, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd viðvart áðuren verkið er hafð, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, sem hjer fara áeptir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum. Básgólf og flór skal gera úr steinsteypu, og skal flór hallast að steinræsi, er gangi í áburðargryfju eða áburðarvagn.

Áburðargryfjur má ekki gera nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; gryfjur þessar skal gera úr höggnu grjóti og steinlími, eða steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir; skulu veggirnir jafnan ná $\frac{1}{4}$ alin eða meira uppúr jörðu, og skal hafa yfir hverri gryfju sterkan hlera, svo að öruggt sje um, að menn eða skepnur geti ekki fallið í hana. — Það skal leyfilegt að safna áburði í vel þjettan vagn, sem ekið er burtu jafnskjótt og hann fyllist. Áburðargryfjur og áburðarvagna skal gera eptir fyrirsögnum og teikningum, sem bæjarstjórnin lætur í tje.

Bannað er að safna áburði í haug á húslóðum, en á erfðafestulöndum í nánd við bæinn getur heilbrigðisnefnd leyft það.

21. gr.

Ef peningshús eða safngryfjur, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrifnadi, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar.

VI. Um salerni.

22. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið gera salerni, innan húss eða utan, eitt eða fleiri, eptir stærð hússins og fjölda íbúða. Innanhússsalerni skal hafa í sjerstökum klefa, og sje útgluggi á hjörum á klefanum, og ilátið undir setunni tvískipt, eða tvö ilát, annað fyrir saur, en hitt fyrir þvag. Utanhússsalerni skal ekki vera nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Gólf í salerninu skal vera steinsteyppt og herra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast uppað setunni; saurkagga skal gera eptir fyrirmynd, er bæjarstjórnin lætur í tje.

23. gr.

3

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátin skal 30. jan. tæma áðuren þau fyllast.

Bæjarstjórnin getur látið hreinsa salerni bæjarins gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Hreinsun salerna skal framfara um nætur, frá kl. 12—5 frá 1. apríl til 30. september, en á öðrum tímum árs frá kl. 9 síðdegis til kl. 7 árdegis. Safn úr salernum skal láta þar sem heilbrigðisnefnd leyfir.

24. gr.

Ef ekkert salerni fylgir húsi, sem eldra er en þessi samþykkt, þá skal húseigandi hafa komið upp salerni við húsið áðuren ár er liðið frá því, er þessi samþykkt öðlast gildi.

Ef salerni við hús, sem eldri eru en þessi samþykkt, eru illa gerð, svo að mikill óprifnaður sje að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni á þann hátt, er segir í 22. gr., eða bæti salernin á annau fullnægjandi hátt.

VII. *Um sorp og ömmur óhreinindi.*

25. gr.

Hverju íbúðarhúsi, sem ekki hefir safngryfju, skal fylgja sorpkista úr málni, og skal hún gerð eptir fyrirmynd, sem bæjarstjórn lætur í tje, og vera til áðuren ár er liðið frá því, er samþykkt þessi öðlast gildi.

Í þessar sorpkistur skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsum, og flytja burtu óðaren ílátin fyllast.

Bæjarstjórnin getur látið flytja burtu sorp úr bænum gegn endurgjaldi frá húsráðendum.

26. gr.

Svo framarlega sjómenn eigi fleygja öllu slori í sjóinn, svoað úttaki, skulu þeir safna því í ílát og flytja það burtu samdægurs. Þó má eigi kasta slori í sjóinn framundan miðbænum frá Lækjarósi að klöppunum vestan við Grófina.

Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessum ákvæðum sje hlýtt.

VIII. *Um iðnað, sem óhollusta fylgir eða óprifnaður.*

27. gr.

Á kaupstaðarlóðinni eða í grenni við hana má enginn reka nokkurn þann iðnað, sem óhollusta fylgir eða óprifnaður, t. d. lýsisbræðslu, sítun o. s. frv., nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til; skal allur slíkur iðnaður vera háður eptirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

3

30. jan.

28. gr.

Verksmiðjur og vinnustofur skulu vera háðar eptirliti heilbrigðisnefndar, ef vinnan er þess eðlis, að hún getur haft skadleg áhrif á heilsu vinnufólksins. Gildir þetta einkum um þá vinnu, sem ryk fylgir eða önnur óhreinkun á andrúmslofti, klæðaverksmiðjur, saumastofur, vindlaverksmiðjur o. s. frv.

Heilbrigðisnefnd ákveður í hvert skipti, hversu mikið loptrúm skuli ætla hverjum vinnandi manni í þess konar vinnustofum.

Gluggar skulu vera á hjörum, ef ekki er sjeð fyrir loptrás á annan hagkvæmari hátt. Gólf skal þvo daglega. Veggir og lopt skal mála eða kalkbera einu sinni á ári.

IX. Um matvæli.

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem skemmd er eða skadleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst að taka í búðum og á öðrum sölustöðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til, að skemmd sje eða skadleg fyrir heilsu manna og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt eða kemur í ljós við rannsókn hjeradslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er skemmd og skadleg, og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörunni eða gera hana á einhvern hátt óskadlega fyrir heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist með öllu óhæfur vegna óþrífnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum, og hætt við, að salan greiði sjúkdóminum götu.

Um slátrunarhús, kjötskoðun og kjötbúðir.

30. gr.

Enginn má slátra skepnum til að selja, nema hann hafi þartil fengið skriflegt leyfi bæjarstjórnar, og skal hún veita slíkt leyfi, ef fullnægt er þeim ákvæðum um tilhögun á slátrunarhúsum, sem hjer fara áeptir.

31. gr.

Slátrunarhús má ekki reisa annarsstaðar en þar, sem hægt er að koma afrennsli til sjávar, eða í nedanjarðar göturæsi (klóök).

Gólfid í húsunum skal vera steinsteypt og skal það hafa halla að skolpopum, en frá skolpopunum skal húseigandi gera ræsi nedanjarðar til sjávar, eða úti nedanjarðar göturæsi, ef til er.

Veggir skulu vera kalkaðir; gluggar skulu vera á tveimur hliðum mótsettum, og þá hægt að opna, svoað blásið geti í gegnum húsið.

Hólfa skal húsið í þrennt að minnsta kosti. Í einu hólfi skal skera skepnurnar, í öðru gera til, í þriðja hleyppa úr innýflum; skal vera sjerstakt skolpop á gólfi í hverjum klefa. Fast við innýflaklefan skal vera vatnshelt gorilát eða gorgryfja, og skal gera hana á þann hátt, er segir í 20. gr. um áburðargryfjur. 30. jan. 3

Hafa skal vatnshana í hverjum klefa í húsinu og veita vatni að úr vatnsbóli eða vatnsiláti.

32. gr.

Stiur, rjettir eða port, sem slátrunarfje er geymt í, skulu vera flórlagðar.

Ef sjerstök ástæða er til, getur heilbrigðisnefnd heimtað, að steinsteypa komi í stað flórs.

33. gr.

Ekki má hafa slátrunarhús nær íbúðarhúsum en nemi 10 álnum, og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Stiur, rjettir eða port, sem slátrunarfje er geymt í, má ekki hafa nær vatnsbólum en nemi 15 álnum.

34. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að slátrunarhús sjeu vel þrifuð.

Gólf skal skola hrein á hverjum degi, þá er slátrað er, jafnóðum og þau óhreinkast. Gorgryfju skal tæma jafnóðum og hún fyllist. Rjettir skal moka daglega, þá er skepnur eru geymdar í þeim.

Hundum má ekki hleyppa inn í slátrunarhús, og ekki kasta sullum úr skepnum þar, sem hundar geti náð í þá, heldur skal láta þá í ilát, og grafa síðan niður eða brenna.

Slátrarar skulu vera hreinlegir til fara og hafa ermar brettar upp fyrir olnboga.

Bæjarstjórn getur tekið slátrunarleyfi af hverjum þeim, er þrásinnis vanrækir þessi þrifnaðarfyrirmæli.

35. gr.

Bæjarstjórnin ræður dýralækni eða annan þartil hæfan mann til þess að hafa á hendi skoðun á nautum, hestum og svinum, sem slátrað er til sölu, og kjöti af þeim.

Það er skylda hvers þess, er slátrar nautum, hestum eða svinum til að selja, að láta skoðunarmann skoða skepnurnar og skrokkana af þeim, og skal hann greiða gjald fyrir skoðunina eptir taxa, sem bæjarstjórn setur. Bæjarstjórn setur og í samráði við heilbrigðisnefnd reglur um kjötskoðun.

Enginn má hafa til matar kjöt eða slátur af sjálfdaudum skepnum, eða skepnum, sem drepnar hafa verið vegna krankleika, nema skoðunarmaður sje tilkvaddur og dæmi það ósaknæmt.

Lóga skal á kostnað eiganda og án endurgjalds öllu því kjöti og slátri, sem skoðunarmaður dæmir óhæft til manneldis.

30. jan.

Öllum sölubúðum, þar sem nýtt kjöt ófrosið er haft á boðstólum, skal haga eptir fyrir mælum heilbrigðisnefndar.

Í slíkum búðum má ekki hafa aðra vöru en kjöt og matvæli, sem kjöt er haft í, og reykt og niðursoðið fiskmeti, og skulu þær að minnsta kosti fullnægja þeim skilyrðum, er hjer fara á eptir, enda má eigi taka þær til afnota, fyren fengið er skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar.

1. Gólf skal vera steinlagt eða steinsteypt, og á því skolpop og frá opinu skolpræsi.
2. Búðin skal eigi vera lægri en svo, að 4 álnir sjeu undir lopt. Lopt skal gipsa. Veggir skal fódra með gleruðum flögum, ella rjóða á þá vandaðri sementsblöndu.
3. Hafa skal í búðinni vatnshana, og veita vatni að úr vatnsbóli eða vatnsiláti; birtu skal hafa sem mesta og loptrás.
4. Á borðum, sem kjöt er lagt á, skulu vera marmarahellur eða flögusteinsþynnur eða sinkþynnur.
5. Nikkelhúð eða sinkhúð skal vera á öllum snögum, sem kjöt er hengt á.

37. gr.

Öll matvælagærd af kjöti (pysur, kæfa o. s. frv.) skal háð eptirliti heilbrigðisnefndar, ef selja á matvælin. Að því er húsnæðið snertir, getur heilbrigðisnefnd heimtað þann umbúnað, sem til er tekinn í 36. gr. 1—5.

38. gr.

Þeim mönnum, er nú slátra til sölu eða selja kjöt eða gjöra matvæli af kjöti til sölu, getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá ákvæðum 31., 33., 36. og 37. gr., þó ekki lengur en 3 ár frá því er samþykkt þessi öðlast gildi.

Um mjólkursölu.

39. gr.

Öll mjólkursala skal háð eptirliti heilbrigðisnefndar, og getur heilbrigðisnefnd bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu, eða ástæða er til að ætla eða vissa fyrir því, að kýrnar sjeu veikar.

Heilbrigðisnefnd getur og bannað mjólkursölu, ef óþrifalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósunum og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erfitt verði að fordast, að mjólkinn óhreinist.

Um brauðgjörðarhús.

40. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgjörðarhúsum, og eru bakarar skyldir að hlýða fyrir mælum hennar að því er hreinlæti snertir og þrifnað. Sama er og um brauðsölubúðir.

Framvegis má enginn reisa brauðgjörðarhús eða setja bakaraofn í hús og 3 byrja bakaraíðn, fyren hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og skal leyfið 30. jan. bundið þeim skilyrðum, er hjer segir:

Brauðgjörðarhús skal vera bjart og loptgott. Lopt og veggir skulu vera kalkaðir eða sementaðir, og gólf steinlímt, asfalterað eða hellulagt.

41. gr.

Í brauðgjörðarhúsum skal gæta alls þrifnaðar.

Öll tóbaksnautn er bönnuð.

Allar stofur og klefa skal hreinsa að minnsta kosti einu sinni á dag. Veggir og lopt skal kalkbera eða mála einu sinni á ári.

Enginn má sofa í stofum, sem hafðar eru til brauðgjörðar.

Brauðgjörðarmenn skulu hafa yzt klæða hvítar yfirhafnir, og skulu þær jafnan vera hreinar. Þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áðuren þeir taka til verka, en ekki mega þeir þvo sjer í vinnustofunni.

Deig má ekki hnóða með fótunum.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgjörð, sem lungnataeringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

X. *Um íbúðarhús.*

42. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, eða hrörlegt, eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á 2 mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svoað nefndinni líki.

43. gr.

Ef kvartað er yfir því við heilbrigðisnefnd, að herbergi í íbúðarhúsi sjeu svo full af óþverra, að sjúkdómshætta stafi af því, getur heilbrigðisnefnd heimtað af leigjanda eða eiganda, að þau sjeu ræstuð.

44. gr.

Bannað er að taka steinhús og kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir eða dimmir eða þröngir.

XI. *Um skóla.*

45. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða eða láta skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

3

30. jan.

46. gr.

Hver kenmslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 90 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á hverjum degi, en ekki sópa.

47. gr.

Ef skólabarn eða kennari hefur berklaveiki og læknir álitur, að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað, að barnið eða kennarinn komi í skólann, þartil sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla, og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

48. gr.

Ef hættuleg farsótt kemur upp í bænum eða nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt, að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um kirkjugarða.

49. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan kirkjugarð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimitað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi uppí grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofaná kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

50. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkura þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 króna sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og má þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

51. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. apríl 1905.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 30. janúar 1905.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.